

Nd.

493. Nefndarálit

[110. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og átt viðræður við dr. Sigurð Sigurðsson landlækni og Elías Eliasson deildarstjóra. Enn fremur átti nefndin viðræður við Björgvin Sæmundsson bæjarstjóra, formann Landssambands sjúkrahúsa, en þessir menn sömdu frumvarp þetta til breytinga á sjúkrahúsalögum.

Nefndin hefur aflað sér ýtarlegra upplýsinga um sjúkrahúsmálin, sérstaklega um rekstur sjúkrahúsa sveitarfélaga.

Í gildandi sjúkrahúsalögum, nr. 93/1953, eru þau ákvæði, að ríkissjóður greiði bæjarfélögum allt að $\frac{2}{5}$ kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að $\frac{3}{5}$ kostnaðar við að reisa sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, en með þessu frumvarpi er því breytt í $\frac{3}{5}$ kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, og þykir það vera eðlilegast og sanngjarnast, að öll almenn sjúkrahús njóti sama byggingarstyrks. Styrkur til að reisa héraðslæknisbústaði verður þó sami og er í núgildandi lögum. Nefndin leggur til í breytingartillögum sínum við frumvarpið, að ráðherra sé heimilt að greiða $\frac{3}{5}$ hluta kostnaðar við að reisa bústaði fyrir yfirlækna við sjúkrahús í fámennari byggðarlögum, þegar það er talið óhjákvæmilegt til þess að tryggja nauðsynlega lækniþjónustu. Enn fremur leggur nefndin til, að framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsabygginga nái einnig til helztu skurðstofutækja. Varðandi þessar breytingartillögur var haft samráð við heilbrigðismálaráðherra.

Það er nýmæli í þessu frumvarpi, að ekki er heimilt að hefja framkvæmdir við byggingu sjúkrahúsa eða læknisbústaða, fyrr en Alþingi hefur ákveðið fyrstu fjárveitingu á stofnkostnaðarframlagi og hvernig áframhaldandi framlögum verði háttað. Einnig eru ákvæði um, á hve löngum tíma ríkissjóður skal greiða framlag sitt.

Þá er einnig það nýmæli tekið upp með þessu frumvarpi, að rekstrarstyrkir til sjúkrahúsa verði ákveðnir í reglugerð og miðað við flokkun sjúkrahúsa og legudagafjölda, en í núgildandi lögum er tiltekin ákveðin upphæð. Enn fremur leggur nefndin til í breytingartillögum sínum, að styrkur ríkissjóðs vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa sé greiddur hálfárslega eftir á, og skal síðari greiðsla innt af hendi, þegar sjúkrahús hefur skilað tilskildum ársskýrslum um reksturinn ásamt rekstrarreikningi. Í gildandi lögum er rekstrarstyrkur ríkissjóðs til sjúkrahúsa greiddur árlega eftir á.

Nefndin telur rétt að birta með þessu nefndaráliti yfirlit yfir rekstrarafkomu nokkurra sjúkrahúsa árið 1962.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum við frumvarpið, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 24. apríl 1964.

Guðlaugur Gíslason,
form.

Birgir Finnsson,
fundaskr.

Matthías Bjarnason,
frsm.

Ágúst Þorvaldsson. Jón Skaftason.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir rekstrarafkomu nokkurra sjúkrahúsa árið 1962.

Nafn	Legudaga- fjöldi	Kostn. pr. legud.	Halli pr. legud. kr.	legud. %	Halli alls kr.
Borgarspítali, Reykjavík	22121	304.67	111.71	36.66	2 471 249.08
Hvítabandið, Reykjavík	15014	328.69	119.32	36.30	1 791 436.41
Farsóttahús, Reykjavík	10456	279.14	124.59	44.63	1 302 739.47
Sjúkrahús Akraness	14225	277.52	54.05	19.48	768 861.25
Sjúkrahús Patreksf.	5753	232.92	31.96	13.72	183 888.58
Sjúkrahús Ísafirði	12688	266.16	41.39	15.55	525 114.38
Sjúkrahús Sauðárkr.	13144	230.52	37.05	16.07	486 990.87
Sjúkrahús Akureyri	53158	206.64	14.59	7.06	775 660.94
Sjúkrahús Húsavík	6520	240.43	57.38	23.86	374 128.97
Sjúkrahús Neskaupst.	13220	298.90	78.18	26.15	1 033 519.92
Sjúkrahús Selfossi	10708	289.27	90.90	31.42	973 346.96
Sjúkrahús Keflavík	9367	314.37	79.66	25.34	746 156.27
Sólvangur, Hafnarf.	47761	160.69	14.89	9.27	711 298.93
Landsspítalinn	58862	466.47	306.55	65.72	18 044 146.10